

ÍSLE1ÍB05

Búið til: Sun, 28 Apr 2013 02:54:15 GMT

Titill

Íslenska 2 á starfsbraut

Skammstöfun

ÍSLE1ÍB05

Útgáfunúmer

2

Námsgrein

íslenska

Viðfangsefni

Íslenska 2 á starfsbraut

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

1

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Í áfanganum er lögð áhersla á að efla málfræðigrunn nemenda ásamt almennum lestri og lesskilningi. Unnið er að því að nemendur auki orðaforða sinn og málskilning og treysti kunnáttu sína á öllum sviðum lestrar, lesi fjölbreytta texta, bókmenntatexta á auðlesnu máli, ýmsa texta sem birtast í dagblöðum, tímaritum og á netinu. Nemendur fá einnig þjálfun í hlustun og ritun.

Forkröfur

Engar

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu grunnatriðum málfræðinnar
- mikilvægi lestrar og bókmennta
- mikilvægi hlustunar
- ritun mismunandi texta

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- meðferð máls með auknum orðaforða og málskilningi
- að lesa mismunandi texta sér til gagns
- hlustun og úrvinnslu hennar
- ritun mismunandi texta við sitt hæfi

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- greina einföld málfræðiatríði ...sem er metið með... skriflegum verkefnum
- lesa bókmenntaverk og ýmsa aðra texta s.s. fréttir í dagblöðum og á neti ...sem er metið með... skriflegum og munnlegum verkefnum
- hlusta á upplestur og ná inntakinu ...sem er metið með... hlustunarverkefnum
- rita einfalda texta, sögur og ljóð ...sem er metið með... skriflegum verkefnum

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.

Skólar**Fyrirmynd**